

Æskulýðsnefnd L.H. hefur tekið til umfjöllunnar þingskjal 12 frá 60. Landsþingi Landsambands hestamannafélaga sem haldið var í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016

### **Þingskjal nr. 12**

Flytjandi: Keppnisnefnd LH

Lagt fyrir: Æskulýðsnefnd

#### **Tillaga**

60. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið í Stykkishólmi 14. og 15. október 2016, samþykkir að Keppnisnefnd LH og Æskulýðsnefnd LH fari yfir og komi með form að áhugaverðri keppni/sýningum fyrir pollaflokka ásamt því að hestamannafélögin og mótshaldara verði duglegri að vera með greinar fyrir þennan aldurshóp.

#### **Greinargerð**

Tekið verði mið af reglum sem gilda hjá ÍSÍ og íþróttafélögum almennt. Sérstaklega verði skoðað með hvaða hætti þeim sé veitt viðurkenning og upplýsingar um sitt getustig. Samkvæmt gildandi reglum eru úrslit í pollaflokkunum. Dómarar eru í erfiðleikum með að gefa tölur og eða raða. Mótshaldarar eru með mjög misvísandi leiðbeiningar um hvernig þessi flokkur skuli haldinn. Við teljum aðkomu Æskulýðsnefndar LH vera mjög mikilvæga og að það sem út úr þessari vinnu kemur verði kynnt fyrir félögunum fyrir næsta keppnistímabil og prufað í framhaldinu og komi fullmótað og reynt fyrir næsta landsþing LH.

#### *Afgreiðsla nefndarinnar:*

Við hvetjum félögin til að nýta sér greinar 8.8.3. Pollatölt og 8.8.4. Pollaþrígangur. Þetta eru greinar sem reynsla er komin á og hafa nýst vel. Einnig hvetjum við félögin til að setja upp léttar þrautabrautir fyrir þennan aldurshóp. Hægt er að leita í smiðju Trek til að fá hugmyndir af þrautum. Við minnum þó á að hvorki skal raða þátttakendum í sæti né veita þeim önnur verðlaun en þátttökuviðurkenningu.